



Skútustaðahreppur

24. apríl 2020 – Pistill nr. 73

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson



*Förum varlega í umferðinni – 30 km
hámarkshraði í Reykjavíðarþorpi*

Nú er búið að mála gangbraut yfir Múlaveg og mun vegurinn sunnan við skólann EINGÖNGU verða fyrir gangandi og hjólandi umferð. Starfsfólk skólans mun leggja bílum sínum norðan megin við skólann. Búið er að setja upp umferðarmerki en frekari þrengingar verða settar upp á næstu dögum. Krakkarnir í 1.-10. bekk og leikskólabörn með foreldrunum streymdu á hjólu sínum í skólann í vikunni þar sem Sigurður Baldursson var gangbrautavörður og fylgdist vel með umferðinni. Endilega farið yfir þetta með börnunum og brýnið fyrir þeim að hjóla eingöngu á gangstíg, fara yfir veginn á gangbraut og svo veginn sunnan megin grunnskólans. Í sumar verður gerður varanlegur göngu- og hjólastígur fyrir börnin. **Virðum jafnframt 30 km hámarkshraðann í þorpinu.** Lögreglan mun koma og verða með umferðareftirliti á næstu dögum.

Viðspyrnan tekur tíma en saman komumst við í gegnum þetta

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra og oddvita um stöðu á 15 verndar- og viðspyrnuaðgerðum sveitarstjórnar vegna Covid-19 ásamt tillögum um viðauka við fjáruka vegna einstakra verkefna.

Atvinnuleysi:

Atvinnuleysi í Skútustaðahreppi samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun var 15,4% í mars. Áætlað atvinnuleysi í apríl er sláandi og hefur hækkað samkvæmt fyrri spá úr 24,5% í 30%. Til samanburðar var atvinnuleysi 3,7% í mars í fyrra og 3,4% í apríl.

Þrjár sviðsmyndir - Svartsýnasta spá uppfærð:

Teknar hafa verið saman upplýsingar frá rekstraraðilum í Mývatnssveit þar sem áætlaður er samdráttur í ráðningu vinnuafis í þeirri óvissu sem nú ríkir. Öll hótél og stærri gististaðir verða lokaðir út maí og sumir jafnvel til haustsins sem er verri staða en áætluð var fyrir seinasta sveitarstjórnarfund. Bjartasta spáin er óbreytt, þ.e. að fækki um 100 stöðugildi næstu 9 mánuðina, miðspá hefur breyst úr 125 í 175 en svartsýnasta spá hefur breyst úr 150 í 200 stöðugildi. Þessi samantekt er jafnframt grunnur að sviðsmyndagreiningu í samstarfi við KPMG.

- Sviðsmynd 1: Gerir ráð fyrir 20% samdrætti útsvarsgreiðslna sem nemur 65 m.kr. tekjusatdrætti:

- Sviðsmynd 2: Gerir ráð fyrir 35% samdrætti eða 114 m.kr.

- Sviðsmynd 3: Gerir ráð fyrir 50% samdrætti eða 163 m.kr. eða alls 27% heildartekjumissi hjá sveitarfélaginu sem er gríðarlega mikið högg fyrir reksturinn.

15 verndar- og viðspyrnuáðgerðir Skútustaðahrepps vegna COVID-19 - STAÐAN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á seinasta fundi sínum 8. apríl s.l. 15 verndar- og viðspyrnuáðgerðir sem felast annars vegar í áskorun til ríkisins um sértækar aðgerðir og hins vegar um vernd og viðspyrnu sveitarfélagsins fyrir starfsemi sína, íbúa og rekstraraðila. Vinna við verndar- og viðspyrnuáætlunina gengur samkvæmt áætlun þrátt fyrir mikla óvissutíma. Ýmislegt er komið í framkvæmd m.a. áskoranir og samstarf við ríkisvaldið, frestun fasteignagjalda, samráð við íbúa, efling velferðarþjónustu o.fl. Annað í áætluninni er í undirbúningi eins og sumarstörf ungmenna og háskólafólks, vinnuskóli, markaðsátak, viðhalds- og nýframkvæmdir, stuðningur til heilsueflingar o.fl. Viðhalds- og framkvæmdaáætlun Skútustaðahrepps samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2020 er 122,5 m.kr. Átti að fjármagna framkvæmdirnar með veltufé en ljóst er að miðað við sviðsmyndagreiningu þá ganga þær forsendur ekki upp. Því stendur sveitarstjórn frammi fyrir því að þurfa að taka lán fyrir framkvæmdum ársins.

Skútustaðahreppur er ágætlega í stakk búinn til þess að takast á við efnahagslegt áfall sem hlýst af COVID-19 faraldrinum en hins vegar er ljóst að höggið er með allra mesta móti í okkar sveitarfélagi þar sem við erum háð afkomu ferðapjónustunnar. Sveitarfélagið greiddi upp langtímaskuldir sínar 2018 en nú er ljóst að reksturinn verður erfiður. Afar mikilvægt er að vernda heimili og fyrirtæki eins og kostur er og hlúa að íbúum sveitarfélagsins, velferð þeirra og andlegri líðan. Því þarf að huga að fleiri verkefnum sem eru hluti af verndar- og

viðspyrnuáætlun sveitarfélagsins til að tryggja m.a. sumarstörf og efla frekar innspýtingu í atvinnulífið. Sveitarstjórn samþykkti viðauka við fjárhagsáætlun að upphæð 21,4 m.kr. vegna nýframkvæmda, hlutafjárukningar og markaðsátaks:

- Hitaveita, endurnýjun stofnæðar 7 m.kr.
- Göngu- og hjólastígur - móttframlag, hröðun framkvæmda 10 m.kr.
- Mývatnsstofa, framlag vegna markaðsátaks 2020 1,4 m.kr.
- Mýsköpun, hlutafjárukning 3 m.kr.



Gleðilegt sumar kæru Mývetningar. Myndin var tekin af Vindbelgjarfjalli í fyrradag. Mynd: Dagbjört Bjarnadóttir.

Lántaka vegna viðhalds- og nýframkvæmda

Viðhalds- og framkvæmdaáætlun Skútustaðahrepps samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2020 er 122,5 m.kr. Átti að fjármagna framkvæmdirnar með veltufé en ljóst er að miðað við sviðsmyndagreiningu þá ganga þær forsendur ekki upp. Því stendur sveitarstjórn frammi fyrir því að þurfa að taka lán fyrir framkvæmdum ársins sem og fleiri viðspyrnuáðgerðum sem búið er að leggja drög að ásamt því að greiða upp yfirdráttarheimild. Vegna þessa eru lögð fram drög að lánabeiðni til Lánasjóðs sveitarfélags. Sveitarstjórn samþykkti að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 150 m.kr. í samræmi við skilmála Lánasjóðsins. Samkvæmt útreikningum frá KPMG verður skuldahlutfall Skútustaðahrepps 63,2% eftir lántökuna.

Starfsemi sveitarfélagsins á tímum Covid-19 gengið vel við krefjandi aðstæður

Sveitarstjóri fór yfir aðgerðir sveitarfélagsins vegna Covid-19 heimsfaraldursins frá síðasta sveitarstjórnarfundi fyrir tveimur vikum.

Viðbragðsteymi ásamt oddvita, formanni skólanefndar og forstöðumönnum hefur fundað reglulega til að fara yfir stöðu mála, vaktað nýjustu upplýsingar og haft samráð við aðgerðarstjórnir og sérfræðinga þar sem leiðarljósið hefur verið að verja viðkvæmustu íbúa sveitarfélagsins og minnka óvissu eins og hægt er. Sem fyrr hefur mikil áhersla verið lögð á upplýsingagjöf til starfsfólks og íbúa sveitarfélagsins.

Grunnskóla og leikskóla var lokað 27. mars s.l. þegar smit greindust í sveitarfélaginu sem var skynsamleg ákvörðun miðað við aðstæður. Þann 14. apríl var ákveðið að skert skólastarf í Reykjahlíðarskóla og leikskólanum YI hæfist 20. apríl s.l.

Í vikunni var tilkynnt um afléttingu takmarkana á skólastarfi frá og með mánudeginum 4. maí nk. og nú hefur heilbrigðisráðuneyti birt auglýsingu þar sem nánar er fjallað um útfærslu þess og áhrif á mismunandi skólastig.

Þegar takmarkanir á skólahaldi falla úr gildi verður starf leik- og grunnskóla með hefðbundnum hætti. Áfram verða almennar sóttvarnarráðstafanir í skólum, sem og annars staðar, og skólar fylgja viðbragðsáætlunum sínum varðandi mögulegt smit. Neyðarstigi almannavarna vegna COVID-19 er áfram í gildi.

- Leikskólar munu starfa með hefðbundnum hætti frá og með 4. maí nk. en þar verða áfram í gildi sóttvarnarráðstafanir sem snúa m.a. að hreinlæti og sótthreinsun og aðgengi utanaðkomandi að skólabyggingum. Mælst er til þess að skólar og foreldrafélög skipuleggi ekki fjölmennar samkomur og takmarki almennt gestakomur í skólana.

- Grunnskólar munu starfa með hefðbundnum hætti frá og með 4. maí nk. en þar verða áfram í gildi sóttvarnarráðstafanir sem snúa m.a. að hreinlæti og sótthreinsun. Fjöldatakmarkanir í nemendahópum

verða ekki lengur í gildi og nemendur geta notað sameiginleg svæði, s.s. útsvæði og mótuneyti óhindrað. Fjöldatakmarkanir gilda þó um fullorðna sem starfa í leik- og grunnskólum, þ.e. 2ja metra fjarlægð og hámarksfjöldi fullorðinna einstaklinga er 50 í hverju rými. Mælst er til þess að skólar og foreldrafélög skipuleggi ekki fjölmennar samkomur út þetta skólaár og takmarki almennt gestakomur í skólana.

- Frístundastarf og starf félagsmiðstöðva kemst í hefðbundið horf á ný en gætt verður að almennum sóttvarnarráðstöfunum þar sem annars staðar.

- Íþrótt- og sundkennsla barna og ungmenna verður með hefðbundnum hætti, bæði úti og inni. Sveitarstjórn ítrekar þakklæti til starfsfólks sveitarfélagsins, íbúa og atvinnurekenda í Skútustaðahreppi og hvetur til áframhaldandi samstöðu á þessum erfiðu tímum.



Fjarkaffispjall sveitarstjóra með sveitungum

Þriðjudaginn 21. apríl kl. 16.00

Fjarkaffispjall sveitarstjóra sem haldið var í netheimum síðasta þriðjudag gekk vel. Alls voru átta gestir á fjarfundinum þar sem farið var yfir stöðu mála í sveitinni. Var gott að heyra hljóðið í íbúum og fá góðar ábendingar og hvatningu. Fjarkaffispjall sveitarstjóra verður endurtekið fljótlega og auglýst betur.

Við erum ein liðsheild

Sveitarstjóri ritaði eftirfarandi pistil á heimasíðu sveitarfélagsins síðasta laugardag og þar kom m.a. fram:

Kæru Mývetningar. Það var dásamlegt að vakna í veðurbliðunni í morgun, vor í lofti og gott að komast út að hreyfa sig, óhætt að fara út á þjóðveginn að skokka því bílaumferðin er ekki mikil þessa dagana. Margir á ferli að hreyfa sig, hjón á besta aldri höfðu dregið fram hjólin úr geymslunni og tóku góðan hring með bros á vör, börnin líka á hjólunum sínum

og eitt sælubros í andlitinu. Íbúar komnir í vorverkin, göturnar nýsopaðar af starfsfólki áhaldahússins, fuglasöngur í lofti, snjórinn og ísinn að hörfa og hlátrasköll bárust úr einum garðinum. Þessi veira var eitthvað svo víðsfjarri.

En nú megum við ekki gleyma okkur í vorstemningunni, verðum að halda áfram að virða reglur sóttvarnarlæknis svo ekki komi bakslag og hér stingi sér niður hópssmit, svo að öll sú fyrirhöfn og vinna sem samfélagið hefur lagt á sig undanfarnar vikur verði ekki til einskis. Við megum alls ekki sofna á verðinum. Það er ekki fyrr en 4. maí n.k. sem fyrsta skrefið í takmörkunum verður aflétt. Við erum rétt að hefja þessa vegferð.

Skólarnir opna aftur

Síðustu vikur hafa verið stórundarlegar og við höfum svo sannarlega ekki farið varhluta af kórónuveirufaraldrinum hér í Mývatnssveit. Hér hafa greinst alls fimm smit og ákveðið var að grípa til verulega íþyngjandi aðgerða m.a. með lokun leikskólans Yls og Reykjahlíðarskóla þann 23. mars s.l. Heimanám hefur að sögn skólastjóra gengið vel og allir lagt sitt af mörkum til þess að láta allt saman ganga upp. Lokun leikskóla og grunnskóla hefur reynt á fjölskyldur og samfélagið allt en gengið ótrúlega vel og það erum við afar þakklát fyrir. Allar ákvarðanir hafa miðast við að vernda okkar viðkvæmustu hópa og gæta ítrustu varúðar.

Mikið högg fyrir atvinnulífið og sveitarfélagið

Eins og ykkur er kunnugt um eru efnahagslegu áhrifin af kórónuveirufaraldrinum mikil í Mývatnssveit enda höggið stórt fyrir ferðapjónustuna sem er uppistaða atvinnulífsins. Atvinnuleysi í mars er 15% og áætlað atvinnuleysi í apríl er sláandi eða 30,7%. Hér hafa hótél, gististaðir, veitingastaðir og aðrir ferðapjónustuaðilar að mestu skellt í lás og væntanlega ekki opnað fyrr en í júní. Samkvæmt sviðsmyndagreiningu sem sveitarfélagið setti fram gæti samkvæmt verstu spá orðið um 40% samdráttur í útsvarstekjum í ár og um 22% samdráttur í heildartekjum sveitarfélagsins. Því

liggur fyrir að Skútustaðahreppur, líkt og önnur sveitarfélög sem byggja afkomu sína á ferðapjónustu, þurfa á sértækum aðgerðum að halda og það sem fyrst af hálfu ríkisins. Hefur ráðherra brugðist við því með því að fá Byggðastofnun til að skoða þetta sérstaklega. Við höfum hins vegar ekki tíma til þess að bíða lengi eftir þeim. Við höfum nú þegar tilbúin nýsköpunarverkefni í gegnum Nýsköpun í norðri í samstarfi við Þingeyjarsveit, sem og í gegnum Mýsköpun, til þess að fara af stað með en við þurfum fjárhagslegan stuðning frá ríkisvaldinu í þau verkefni.

Næstu vikur og mánuðir verða erfiður tími fyrir okkar samfélag í Mývatnssveit og því ríður á að við stöndum saman sem aldrei fyrr. Sveitarstjórn er samhent og einbeitt í því að halda áfram veginn, hlusta á íbúana og huga að velferð þeirra og líðan. Sveitarstjórn hefur hafið undirbúning 15 viðspyrnuaðgerða sem samþykktar voru á síðasta fundi. Á meðal þess sem verið er að huga að er stuðningur til heilsuefningar þar sem horft verður til verkefnisins Hamingja Mývetninga. Boðið verður m.a. upp á uppbyggileg námskeið og stuðning fyrir íbúa, m.a. einkatíma, í samstarfi við Sálfræðipjónustu Norðurlands. Þá verður velferðarþjónusta eflað í samstarfi við félagsþjónustu Norðurlands. Samkvæmt upplýsingum frá félagsþjónustunni þá merkir hún meiri kvíða, vanlíðan og áhyggjur af fjárhagslegu öryggi og það á við um okkur og nágranna okkar. Fyrir liggur talsverð aukning í fjárhagsaðstoð og barnaverndarmálum. Þetta er áhyggjuefni en kemur ekki á óvart miðað við aðstæður í þjóðfélaginu, við munum vakta þetta vel og að hlúa að okkar fólki eins og kostur er.

Við erum öll barnavernd.

Starfsfólk félagsþjónustunnar tekur á móti tilkynningum í síma 464 6100 milli kl. 9:00 - 12:15 og 12:45 - 16:00 alla virka daga. Utan dagvinnutíma er hægt að hafa samband við neyðarlínuna 1-1-2 telji einstaklingur að tilkynningin krefjist tafarlausa aðgerða.

Nú reynir á okkur öll. Við þurfum að horfa í okkar grunnildi á þessum erfiðum tímum. Við þurfum að bera virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum, sýna samstöðu, horfa á okkur sem eina liðsheild og vera styðjandi hvert við annað.

Vinna starfshópa og íbúafundir vegna sameiningarmála frestað til hausts

Samstarfsnefnd sveitarfélaganna sem skoðar sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar hefur samþykkt að breyta tímaáætlun Þingeyings vegna COVID-19 faraldurs og samkomubanns. Gert er ráð fyrir að vinnu starfshópa verði fram haldið í ágúst og að ráðgjafar taki að sér aukið hlutverk í gagnaöflun. Íbúafundir eru því áætlaðir í haust. Áfram er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir fái álit samstarfsnefndar til afgreiðslu í desember og að kosning um sameiningu geti farið fram í mars 2021.

Nýsköpun í norðri með hæsta styrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna

Fyrri úthlutun úr Nýsköpunarsjóði Námsmanna 2020 var kynnt á dögnum og hlaut verkefni á vegum Nýsköpunar í norðri (NÍN) hæsta styrk sjóðsins að þessu sinni.

Verkefnið HÖNNÍN – Nýsköpun í Norðri: Nýting hönnunarhugsunar við greiningu og uppbyggingu innviða og tækifæra í Þingeyjarsýslu út frá markmiðum í loftslagsmálum og nýsköpun í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu hlaut styrk í 12 mannmánuði fyrir fjóra nemendur. Verkefnið er samstarf á milli Listaháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Þekkingarnets Þingeyinga og er hluti af verkefninu Nýsköpun í norðri, samstarfsverkefni Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Leiðbeinendur verkefnisins HÖNNÍN eru Rúna Thors, fagstjóri í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands, Anna María Bogadóttir lektor í arkitektúr við Listaháskóla Íslands, Rannveig Björnsdóttir forseti viðskipta- og raunvísindasviðs við Háskólann á Akureyri og Sveinn Margeirsson verkefnisstjóri NÍN. Í verkefninu verður gengið út frá því að nýta aðferðarfræði hönnunar og þekkingu á líftækni í

samtali við íbúa Þingeyjarsýslu. Þá verða markmið í loftslagsmálum og nýsköpun í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu áhersluatriði verkefnisins. Nánar tiltekið munu nemendur vinna með leiðbeinendum að framkvæmd aðgerðaáætlunar rýnihópa NÍN, en sú aðgerðaáætlun byggir á niðurstöðum 12 íbúafunda sem haldnir voru á vegum NÍN á tímabilinu ágúst 2019 - janúar 2020.

Verkefnið skiptist í tvo hluta sem nemendurnir fjórir vinna saman að. Annar hlutinn snýr að því að skoða og kortleggja stíga og upplifanir heimamanna og ferðamanna af göngu- og reiðleiðum á svæðinu. Nemendur munu jafnframt kanna leiðir til að vinna með ull sem dren í náttúrustíga. Í hinum hlutanum verða staðbundin matvæli skoðuð, en Matarskemman sem býður upp á aðstöðu til vinnslu kjötafurða, kryddpurkkunar og baksturs verður nýtt sem tilraunaaðstaða fyrir nemendur. Horft verður til þeirrar framleiðslu og ræktunar sem fyrir er á svæðinu en einnig skoðaðir möguleikar á nýjungum í samhengi við hugmyndavinnu íbúa og afrakstri íbúafunda NÍN.

Tilnefningar óskast til menningarverðlauna 2020

Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Skútustaðahrepps 2020. Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd. Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Skútustaðahreppi. Reglur um menningarverðlaun má finna inni á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Reglugerðir, samþykktir og stefnur). Tilnefningar skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is fyrir 1. maí n.k. Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldunum þann 17. júní n.k.



Kísilríkar snyrtivörur úr jarðhitavatni í Mývatnssveit

Landsvirkjun og MýSilica hafa undirritað samning um rannsóknir, þróun og framleiðslu á kísilríkum húð- og snyrtivörum úr jarðhitavatni virkjana á starfssvæði Landsvirkjunar á Norðurlandi og er horft til Mývatnssveitar. Byggð verður upp aðstaða sem mun nýtast fyrir nýsköpun og fjölnýtingu og verður MýSilica fyrsta sprotafyrirtækið til að nýta aðstöðuna.

Verkefnið gengur út á að vinna steinefnaríkt – og þá sérstaklega kísilríkt – hráefni úr jarðhitavatni sem fellur til við orkuvinnslu. Þetta hráefni verður svo nýtt til þess að framleiða náttúrulegar húðvörur. Markmið samningsins er að auka verðmætasköpun úr þeim efnum sem verða til við orkuvinnslu Landsvirkjunar og hafa hingað til ekki verið nýtt sérstaklega. Verkefnið bætir þannig nýtingu auðlinda og skapar tækifæri til uppbyggingar og nýsköpunar fyrir nærsamfélagið.

MýSilica er nýsköpunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og markaðsetningu á húðvörum. Hjá MýSilica starfa sérfræðingar sem hafa að baki margra ára reynslu í nýtingu auðlinda og framleiðslu á verðmætum úr skiljuvatni jarðvarmavirkjana. Verkefnið gengur út á að vinna steinefnaríkt og þá sérstaklega kísilríkt hráefni úr jarðhitavatni sem síðan verður nýtt til þess að framleiða náttúrulega húðvörur.

Fida Abu Libdeh, stofnandi MýSilica:

„Maður gat ekki annað en heillast af fegurð náttúrunnar á Norðurlandi og sérstaklega á Mývatni. Við sjáum tækifæri til nýsköpunar, aukinnar nýtingar á náttúrulegum auðlindum og sköpun á verðmæti í sátt við náttúruna. Verkefnið er búið að vera í vinnslu í nokkur ár og nú fögnum við þessum stóra áfanga. Við erum þakklát fyrir stuðninginn sem við fengum fyrir norðan. Við hlökkum til að hefja sköpun á verðmætum með Landsvirkjun sem öflugan samstarfsaðila okkar.“

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Við hjá Landsvirkjun fögnum því að fá að taka þátt í uppbyggingu sprota- og nýsköpunarstarfs á Norðurlandi. Við sjáum mikil tækifæri í frekari nýtingu þeirra strauma sem falla til í starfsemi okkar. Nýsköpunarstarfsemi á borð við þetta spennandi verkefni MýSilica getur orðið mikilvægur þáttur í hringrásarhagkerfinu og stuðlað að aukinni sjálfbærri þróun og bættri nýtingu auðlindarinnar.“

HRÓS DAGSINS...

Fá börnin í Mývatnssveit fyrir hversu vel þau hafa staðið sig og verið jákvæð í Covid19 faraldrinum.

Ýmislegt

Að vanda hef ég verið á ýmsum fjarfundum að undanförunu sem langflestir hafa snúist um viðbrögð, upplýsingaöflun og skipulagningar vegna COVID-19 veirunnar. Þar er að ýmsu að hyggja. Þetta er forgangsmál í dag enda breytist staðan dag frá degi og mikilvægt að bregðast hratt og vel við og miðla áreiðanlegum upplýsingum.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins. Þessum pistil verður einnig dreift í öll hús í Mývatnssveit.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri